



Tilkynning um stjórnslukæru nr_ 34_2025_

Búið til	27.2.2025 12:10:30
Höfundur	Snædís Karlsdóttir Bergmann
Móttekið dags.	25.2.2025 15:35:06
Tilheyrir	USK25020343 - Stjórnslukæra til Úrskurðanefndar um umhverfis- og auðlindamál nr. 34/2025 - ÍR skilti á horni Breiðholtsbrautar og Seljaskóga

Efni

Tilkynning um stjórnslukæru nr_ 34_2025_
--

Upplýsingar		Vinnsla	
Móttekið dags.	25.2.2025 15:35:06	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalykill	00.15.02 Kæurur og dómsmál		
Lykilorð	skilti, byggingarleyfi		

Þátttakendur	
Frá	Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is)
Til	usk@reykjavik.is
Cc	

Innihald

Góðan dag.
Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru, móttekin 21. febrúar 2025, undirrituð ásamt fylgigögnum 25. s.m., þar sem kærð er

KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

25.2.2025 14:00

1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda. Ef fleiri koma að kæru þarf umboð frá meðkærendum ef kærán er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

Fullt nafn	Íþróttafélag Reykjavíkur
Kennitala	670149-1549
Heimilisfang	Skógarsel 12
Póstnúmer	109
Staður	Reykjavík
Sími	
Netfang	

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

2. Umboðsmaður kæranda/kæranda ef við á

Fullt nafn	
Kennitala	
Heimilisfang	
Póstnúmer	
Sími	
Netfang	
Umboð	

3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgangiðsla stjórnvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

	Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista
Efni kærunnar	ÍR fer fram á að ákvörðun byggingarfulltrúa um að félagið skulu slökkva á LED skilti á horni Breiðholtsbrautar og Seljaskóga verði felld úr gildi.
Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun	Byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar
Dagsetning ákvörðunar	22.01.2025
Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar)	

4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tiltekna framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögþætti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

ÍR fer fram á að ákvörðun byggingarfulltrúa um að félagið skulu slökkva á LED skilti á horni Breiðholtsbrautar og Seljaskóga verði felld úr gildi. Skiltið hefur staðið þarna árum saman, var fyrst flettiskilti en uppfært í nútímatækni, þ.e. gert stafrænt og við teljum að það sé heimild fyrir því í kafla 4.8. í samþykktum Reykjavíkurborgar um skilti frá maí 2020. Ef væri ekki heimild fyrir skiltinu væri borgin búin að nefna það í fyrri samskiptum. Í framhaldi af samkomulagi ÍR og borgarinnar frá maí 2016 ætla borgin að finna skiltinu nýjan stað þar sem trjágróður á núverandi stað er að skerða sýnleika skiltisins og þar með virðið, en auglýsingatekjur af skiltinu er mikilvæg tekjulind fyrir barna- og unglingastarf félagsins. Síðla árs 2023 fylgi ég þessu samkomulagi eftir og óska eftir að skoðaðar séu leiðir til að auka sýnleika skiltisins og í bréfi dagsettu 18. janúar 2024 frá skipulagsfulltrúa kemur fram að þegar sé heimild fyrir þessu skilti í deiliskipulagi

og hvergi nefnt að vanti neitt leyfi fyrir skiltinu á núverandi stað en niðurstaða var að ekki væru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að ÍR láti vinna að breytingu á deiliskipulagi til að heimila færslu á því innan lóðar. En hvergi kemur fram athugasemdir við skiltið og núverandi staðsetningu.

Í ljósi ofangreindra upplýsinga óskar ÍR eftir að byggingarfulltrúi endurskoði þá ákvörðun sína að slökkva þurfi á skiltinu.

5. Hagsmunir kæranda/kærenda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kærenda?

Mjög mikil áhrif, ef slökkt er á skiltinu tapast leigutekjur sem skipta félagið miklu máli fyrir barna- og unglingastarf félagsins.

6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

Bréfið var eingöngu birt á Ísland.is en ekki sent á netfang félagsins. Tókum eftir þessu 28. janúar.

7. Rökstuðningur fyrir kæru

Skiltið er í deiluskipulagi, búið að vera þarna í meira en áratug, núverandi útlit er eðlileg tæknileg uppfærsla sem heimild er fyrir í samþykktum borgarinnar um skilti.

8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

Nei

9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Bréf byggingarfulltrúa 22.01.2025
Númer skjals:	1
Fylgiskjal	reykjav-stodvun-no-23-01-2025.pdf

9. Fylgiskjalalisti²

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Bréf skipulagsfulltrúa 18.01.2024
Númer skjals:	2
Fylgiskjal	Svar byggingarfulltrúa færsla á LED jan 2024.pdf



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. mars 2025
USK25020343

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar í málinu nr. 34/2025, kæra Íþróttafélag Reykjavíkur, Skógarseli 12, dags. 25. febrúar 2025.

Í framangreindri kæru er kærð ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík um að slökkt skuli á LED skilti á horni Breiðholtsbrautar og Seljaskóga.

Málavextir

Úrskurðarnefndin hefur áður fjallað um skiltið sem hér um ræðir og vísast til úrskurðar nefndarinnar nr. 142/2021. Íþróttafélag Reykjavíkur (ÍR) hafði þá sótt um leyfi til þess að breyta eldra flettiskilti í LED skilti. Umsókninni var hafnað vegna afdráttarlausrar umsagnar Vegagerðarinnar sem taldi LED skilti á þessum stað ógna umferðaröryggi. Úrskurðarnefndin staðfesti höfnun byggingarfulltrúa með úrskurði 142/2021.

Unnið hefur verið að því að finna nýja staðsetningu fyrir auglýsingaskilti ÍR innan lóðar og var fjallað um mögulegar staðsetningar í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. janúar 2024.

Í desember 2024 berast kvartanir til borgarinnar vegna ljósmengunar frá LED skilti á horni Breiðholtsbrautar og Seljaskóga. Starfsmenn afnota og eftirlitsdeildar byggingarfulltrúa senda í fyrirspurn á ÍR sem brást strax við með því að lækka ljósmagnið. Við nánari skoðun kemur þá í ljós að ekki er byggingarleyfi fyrir skiltinu, enda hafði umsókn um leyfi verið hafnað 2021. Með bréfi, dags. 22. febrúar 2025 var þess því krafist að slökkt yrði á skiltinu.

Kröfugerð

Íþróttafélag Reykjavíkur fer fram á að ákvörðun byggingarfulltrúa þess efnis að slökkt skuli á LED skiltinu verði felld úr gildi.

Reykjavíkurborg fer fram á að kröfu kæranda veðri hafnað.

Málsástæður og lagarök kæranda

Kærandi telur að heimild sé fyrir skiltinu í kafla 4.8 í samþykkt um skilti í Reykjavíkurborg.

Afstaða Reykjavíkurborgar

Skilti kæranda er byggingarleyfissskilt samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki, sbr. einnig 1. mgr. 2. gr. og 13. tl. 3. gr. Byggingarreglugerð nr. 112/2012 fjallar þá einnig um kröfur til skilta í kafla 2.5.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 kemur fram það markmið að móta skuli stefnu um auglýsinga- og upplýsingaskilti í borgarlandinu. Samþykkt um skilti í Reykjavík var samþykkt á fundi borgarráðs 7. maí 2020 og birt á vef borgarinnar 11. maí s.á.



Reykjavík



Markmið samþykktarinnar um skilti í Reykjavík er m.a. það að auðvelda afgreiðslu byggingarleyfisumsókna, sbr. 3. tl. 1.2. kafla samþykktarinnar. Sú heimild sem vísað er til í kæru og finna má í kafla 4.8. fyrir ný stafræn skilti í stað eldri flettiskilta hefur ekki áhrif á kröfu mannvirkjalaga og byggingarreglugerðar um byggingarleyfi.

Sækja þarf um byggingarleyfi þegar til stendur að setja upp ný stafræn auglýsingaskilti í stað flettiskilta. Þetta gerði ÍR á sínum tíma og var hafnað um leyfi vegna synjunar vegagerðarinnar, með vísan í 90. gr. umferðalaga nr. 77/2019.

Í stuttu máli er um að ræða nýtt stórt stafrænt skilti sem fellur undir ákvæði laga nr. 160/2010 og er háð leyfi frá byggingarfulltrúa skv. 1. mgr. 9. gr. laganna. Fyrir liggur að hið umdeilda skilti var sett upp án byggingarleyfis og var kæranda synjað um byggingarleyfi fyrir því. Úrskurðanefndin hafnaði því að ógilda synjunina með úrskurði nefndarinnar nr. 142/2021. Byggingarfulltrúa var því heimilt á grundvelli 2. mgr. 55. gr. laga nr. 160/2010 að gera kröfu um að slökkt yrði á skiltinu.

Niðurstaða

Í ljósi framangreinds hefur ekkert komið fram sem getur valdið ógildingu ákvörðunar um að slökkt skuli á skiltinu og ítrekar Reykjavíkurborg þá kröfu sína að úrskurðarnefndin hafni kröfum kæranda í málinu. Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Snædís Karlsdóttir Bergmann
*Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið*



Reykjavík



Fylgigögn:

-  1. Samkomulag við ÍR 2016
-  2. Úrskurður í máli nr. 142_2021
-  3. Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa 2.10.2023
-  4. Umsögn skipulagsfulltrúa 18.1.2024 vegna fyrirspurnar
-  5. Tþóstur kvörtun 12.12.24
-  6. Tþóstur kvörtun2 12.12.24
-  7. Tþóstur kvörtun3 12.12.24
-  8. Tþóstur kvörtun4 12.12.24
-  9. Tþóstur til ÍR 13.12.24
-  10. Tþóstur svar ÍR 13.12.24
-  11. Minnispunktur 16.12.24
-  12. Tþóstur til ÍR 17.12.24
-  13. Tþóstur svar við kvörtun 17.12.24
-  14. Tþóstur svar við kvörtun2 17.12.24
-  15. Tþóstur svar við kvörtun3 17.12.24
-  16. Tþóstur svar við kvörtun4 17.12.24
-  17. Kröfubréf 22.1.25 - Stöðvun notkunar - ÍR skilti við Skógarsel - undirritað
-  18. Samþykkt um skilti





Árið 2025, þriðjudaginn 15. apríl, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Mætt voru Ómar Stefánsson varaformaður, Karólína Finnbjörnsdóttir lögmaður og Þorsteinn Þorsteinsson byggingarverkfræðingur.

Fyrir var tekið mál nr. 34/2025, kæra á ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 22. janúar 2025 um að slökkva skuli á LED skiltum á horni Breiðholtsbrautar og Skógarsels.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, er barst nefndinni 21. febrúar 2025, kærir Íþróttafélag Reykjavíkur þá ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 22. janúar s.á. að slökkva skuli á LED skiltum á horni Breiðholtsbrautar og Skógarsels. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Reykjavíkurborg 27. mars 2025.

Málavextir: Árið 2016 gerði Reykjavíkurborg og kærandi samkomulag þar sem meðal annars kom fram að unnið yrði að því í sameiningu að finna auglýsingaskilti, sem staðsett var á mótum Breiðholtsbrautar og Skógarsels, nýjan stað. Með umsókn, dags. 31. mars 2021, óskaði kærandi eftir leyfi til að koma fyrir stafrænu skilti í stað flettiskiltis ásamt því að skoðaður yrði möguleiki á að hækka skiltið eða koma því fyrir við mót Breiðholtsbrautar og Skógarsels/Stekkjarbakka. Var umsókninni synjað á grundvelli umsagnar skipulagsfulltrúa þar sem meðal annars hefði legið fyrir neikvæð afstaða Vegagerðarinnar sem veghaldara. Var synjun byggingarfulltrúa kærð til úrskurðarnefndarinnar sem hafnaði kröfu kæranda um ógildingu með úrskurði 29. október 2021. Þrátt fyrir framangreind málalok var skiltinu breytt úr flettiskilti í stafrænt skilti.

Með fyrirspurn til skipulagsfulltrúa, dags. 2. október 2023, óskaði kærandi eftir samtali um staðsetningu og sýnileika hins umdeilda skiltis þar sem sýnileiki væri orðinn takmarkaður vegna trjágróðurs og ylli féluginu tekjutapi þar sem leigutaki skiltisins væri ekki tilbúinn til að greiða fyrir leigu á því. Í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 18. janúar 2024, kom fram að ekki væru gerðar athugasemdir við að kærandi léti vinna að breytingu á deiliskipulagi til að heimila skilti innan lóðar, sambærilegu því sem væri til staðar við Breiðholtsbraut.

Deild afnota og eftirlits hjá Reykjavíkurborg bárust í desember 2024 ábendingar um óþægindi vegna ljósmengunar af hinu umdeilda skilti. Með tölvupósti 13. desember 2024 var óskað eftir að kærandi léti framkvæma faglega ljósmælingu til að stilla skiltið og vísað þar um til samþykktar Reykjavíkurborgar um skilti þar sem í kafla 3.3. væri kveðið á um hámarksbirtustig skilta og mestan leyfilegan ljóma með hliðsjón af staðsetningu. Þá kom fram að samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum hefði kærandi fengið leyfi „á sínum tíma“ til að reisa þarna flettiskilti en nú væri þarna kominn LED skjár. Var óskað upplýsinga um hvort skiltið væri á

forræði kæranda. Með svarpósti sama dag upplýsti kærandi að búið væri að lækka birtustig skiltisins.

Byggingarfulltrúi sendi kæranda bréf, dags. 22. janúar 2025, þar sem fram kom að tekin hefði verið til skoðunar uppsetning og notkun LED skilta á horni Breiðholtsbrautar og Skógarsels sem væru án útgefins byggingarleyfis. Við skoðun hefði komið í ljós að tveimur flettiskiltum hefði verið skipt út fyrir LED skilti. Um væri að ræða byggingarleyfisskyldar framkvæmdir skv. 9. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki og gr. 2.5.1. byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Væri öll notkun umræddra LED skilta stöðvuð með vísan til 55. gr. laga 160/2010 og gr. 2.9.1. byggingarreglugerðar og slökkva skyldi á skiltunum. Yrði fyrirmælum byggingarfulltrúa ekki sinnt yrði tekin ákvörðun um framhald málsins sem gæti falið í sér aðstoð lögreglu, sbr. 4. mgr. 55. gr. laga nr. 160/2010.

Málsrök kæranda: Bent er á að hin umdeildu skilti hafi staðið þarna árum saman. Fyrst hafi verið um flettiskilti að ræða en þau hafi verið uppfærð og gerð stafræn. Heimild fyrir slíkri uppfærslu sé í gr. 4.8. í samþykkt Reykjavíkurborgar um skilti frá maí 2020. Í framhaldi af samkomulagi Íþróttafélags Reykjavíkur og borgarinnar frá maí 2016 hafi borgin ætlað að finna skiltunum nýjan stað þar sem trjágróður á núverandi stað hafi verið farinn að skerða sýnileika þeirra. Auglýsingatekjur af skiltunum séu mikilvæg tekjulind fyrir barna- og unglingastarf félagsins. Síðla árs 2023 hafi samkomulaginu verið fylgt eftir af hálfu kæranda og óskað eftir að skoðaðar yrðu leiðir til að auka sýnileika skiltanna. Í bréfi, dags. 18. janúar 2024, frá skipulagsfulltrúa hafi komið fram að þegar væri heimild fyrir skiltunum í deiliskipulagi og hvergi nefnt að það vantaði leyfi fyrir því. Niðurstaðan hefði verið að ekki væru gerðar athugasemdir við að kærandi léti vinna að breytingu á deiliskipulagi til að heimila færslu á skiltunum innan lóðar.

Málsrök Reykjavíkurborgar: Vísað er til þess að skiltin séu byggingarleyfisskyld samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki, sbr. einnig 1. mgr. 2. gr. og 13. tl. 3. gr. laganna. Þá sé einnig fjallað um kröfur til skilta í kafla 2.5. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 komi fram það markmið að móta skuli stefnu um auglýsinga- og upplýsingaskilti í borgarlandi. Samþykkt um skilti í Reykjavík hafi verið samþykkt á fundi borgarráðs 7. maí 2020 og birt á vef borgarinnar 11. s.m. Markmið samþykktarinnar sé meðal annars að auðvelda afgreiðslu byggingarleyfisumsókna, sbr. 3. tl. 1.2. kafla samþykktarinnar. Sú heimild sem vísað sé til í kæru og finna megir í kafla 4.8. fyrir ný stafræn skilti í stað eldri flettiskilta hafi ekki áhrif á kröfu laga nr. 160/2010 og byggingarreglugerðar um byggingarleyfi. Sækja þurfi um byggingarleyfi þegar setja eigi upp ný stafræn auglýsingaskilti í stað flettiskilta. Þetta hafi kærandi gert á sínum tíma og verið hafnað um leyfi vegna synjunar Vegagerðarinnar með vísan til 90. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Um sé að ræða ný stór stafræn skilti sem falli undir ákvæði laga nr. 160/2010 og séu háð leyfi frá byggingarfulltrúa samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laganna. Fyrir liggi að skiltin hafi verið sett upp án byggingarleyfis og að kæranda hafi verið synjað um leyfi fyrir þeim. Úrskurðarnefndin hafi staðfest synjun um byggingarleyfi með úrskurði 29. október 2021, í máli nr. 142/2021. Byggingarfulltrúa hafi því verið heimilt á grundvelli 2. mgr. 55. gr. laga nr. 160/2010 að gera kröfu um að slökkt yrði á skiltunum.

Niðurstaða: Í máli þessu er deilt um lögmæti ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík að slökkva skuli á LED skiltum á horni Breiðholtsbrautar og Skógarsels. Kæruheimild til úrskurðarnefndarinnar er í 59. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. og 13. tl. 3. gr. laga nr. 160/2010 falla skilti eins og hér um ræðir undir gildissvið laganna. Þá er fjallað um kröfur til skilta í kafla 2.5. byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Þar segir að sækja skuli um byggingarleyfi fyrir öllum frístandandi skiltum og skiltum á byggingum sem séu yfir 1,5 m² að flatarmáli. Þá skal stærð og staðsetning skilta vera í samræmi við gildandi skipulag.

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 eru hin umræddu skilti staðsett á skilgreindu svæði fyrir íbúðabyggð, ÍB43. Þar er í gildi deiliskipulag Suður Mjóddar, þar sem gert er ráð fyrir flettiskilti á þeim stað er skiltin eru staðsett. Skiltin eru einnig staðsett í lítilli fjarlægð frá Breiðholtsbraut sem er stofnbraut. Í aðalskipulagi kemur fram það markmið að móta skuli stefnu um auglýsinga- og upplýsingaskilti í borgarlandinu. Samþykkt um skilti í Reykjavík var samþykkt á fundi borgarráðs 7. maí 2020 og birt á vef borgarinnar 11. maí s.á. Í gr. 4.2.7. samþykktarinnar er fjallað um stafræn skilti á íbúðarsvæðum og samfélagsþjónustu með landnotkun Íb og S. Þar kemur fram að stafræn skilti með eða án hreyfimynda séu óheimil, þ. á m. þjónustuskilti eða veggspjöld sem vísi út á götu með nafni fyrirtækis eða auglýsingum. Í gr. 4.8. er fjallað um skilti innan landnotkunar stofn- og tengibrauta og þar segir að leyfilegt sé að setja upp ný stafræn auglýsingaskilti við stofn- og tengibrautir, sem séu stærri en 10 m² ef að fyrir sé sambærilegt flettiskilti eða ef deiliskipulag heimili slíkt skilti. Þá er í gr. 6.2. í samþykkt um skilti fjallað um leyfisveitingar fyrir skiltum og auglýsingum. Þar kemur fram að byggingarfulltrúi veiti leyfi fyrir skiltum og auglýsingum ef umsókn uppfylli ákvæði samþykktarinnar og gildandi skipulags. Þá kemur einnig fram að sé skilti breytt, t.d. úr stafrænu skilti í aðra gerð, þá þurfi að sækja um nýtt byggingarleyfi. Verður samþykkt Reykjavíkurborgar um skilti ekki skilin á annan veg en að þrátt fyrir að í tilteknum tilfellum sé heimilt að uppfæra eldri skilti í stafræn skilti, sbr. t.d. gr. 4.8. í samþykktinni, þá verði slík breyting ekki framkvæmd nema að fengnu nýju byggingarleyfi.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 160/2010 er óheimilt að grafa grunn fyrir mannvirki, reisa það, rífa eða flytja, breyta því, burðarkerfi þess eða lagnakerfum eða breyta notkun þess, útliti eða formi nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingarfulltrúa. Hlutverk byggingarfulltrúa hvers sveitarfélags er að hafa eftirlit með því að mannvirki og notkun þeirra sé í samræmi við útgefin leyfi og beita eftir atvikum þvingunarúrræðum, sbr. 55. og 56. gr. laga nr. 160/2010. Er nánar kveðið á um það í 2. mgr. 55. gr. laganna að sé byggingarframkvæmd hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni eða hún brjóti í bága við skipulag geti byggingarfulltrúi krafist þess að hið ólöglega mannvirki eða byggingarhluti sé fjarlægður.

Í máli þessu er um að ræða stafrænt skilti sem fellur undir ákvæði laga nr. 160/2010 og er háð leyfi frá byggingarfulltrúa skv. 1. mgr. 9. gr. laganna auk nánar útfærðum reglum sem finna má í samþykkt um skilti í Reykjavík. Fyrir liggur að tvö stafræn skilti voru sett upp í stað eldri flettiskilta eftir að kæranda hafði verið synjað um byggingarleyfi fyrir því. Var byggingarfulltrúa því heimilt á grundvelli 2. mgr. 55. gr. laga nr. 160/2010 að gera kröfu um að slökkt yrði á skiltunum.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið er kröfum kæranda um ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar hafnað.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu kæranda um að ógilda ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 22. janúar 2025 um að slökkva skuli á LED skiltum á horni Breiðholtsbrautar og Skógarsels.

Ómar Stefánsson (sign)

Karólína Finnbjörnsdóttir (sign)

Þorsteinn Þorsteinsson (sign)